

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2008/EES/75/01		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn norska ríkinu sem lögð var fram 12. nóvember 2008 (mál E-6/08)	1
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/75/02		Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5253 – Sanofi-Aventis/Zentiva)	2
2008/EES/75/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5262 – Bonnier/Schibsted/Retriever Sverige).	3
2008/EES/75/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5310 – Jysk Stålintustrie/Volgo-Balt) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2008/EES/75/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5394 – Mauser Holding International/Reyde/JV)	5
2008/EES/75/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5415 – Telenet/Concentra/VAR/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2008/EES/75/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5420 – Kyocera Mita/Triumph-Adler) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2008/EES/75/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5435 – Nexans/SEI/Opticable) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2008/EES/75/09	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 42/08 (áður NN 30/08) – Aðstoð í þágu starfandi sjómanna – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans ..	9
2008/EES/75/10	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	9
2008/EES/75/11	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Est Champagne“).	10
2008/EES/75/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um fyrirspurnir og skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (efnareglunum (REACH)) þegar um ræðir efni sem voru á markaði löglega fyrir 1. júní 2008 en eru ekki í skráningarbið.	11
2008/EES/75/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem hefur að geyma leiðsögn um ríkisaðstoð umfram styrki Evrópubandalagsins vegna hinna nýju hraðbrauta á sjó.	12
2008/EES/75/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki	13
2008/EES/75/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi	14

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn norska ríkinu sem lögð var fram
12. nóvember 2008
(Mál E-6/08)**

2008/EES/75/01

Hinn 12. nóvember 2008 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur norska ríkinu; í fyrirvari eru Niels Fenger og Ólafur Jóhannes Einarsson, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku 6.–10. gr. gerðarinnar sem um getur í 17. lið IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi norska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 15. gr. EES-þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn dæmi norska ríkið til greiðslu málskostnaðar.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið snýr að því að stjórnvöld í Noregi hafi ekki leitt í landslög gerðina sem um getur í 17. lið IV. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB frá 16. desember 2002 um orkunýtingu bygginga*) innan tilskilins tíma.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5253 – Sanofi-Aventis/Zentiva)

2008/EES/75/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. september 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Sanofi-Aventis Europe, société par actions simplifiée, sem tilheyrir frönsku samsteypunni Sanofi-Aventis, öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 11. júlí 2008, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Zentiva NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sanofi-Aventis: rannsóknir, þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á sviði lyfja og bóluafna fyrir fólk
 - Zentiva NV: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á sviði samheitalyfja sem eru seld undir vörumerkjum
3. Ofangreind tilkynning var lýst ófullnægjandi hinn 2. október 2008. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram það sem á vantaði af upplýsingum. Tilkynningin varð fullnægjandi, í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, hinn 5. desember 2008.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 319, 13. desember 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5253 – Sanofi-Aventis/Zentiva, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5262 – Bonnier/Schibsted/Retriever Sverige)

2008/EES/75/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Bonnier AB og norska fyrirtækið Schibsted ASA öðlast með hlutafjárkaupum og hluthafasamningi í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu Retriever Sverige AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bonnier: fjölþjóðlegt fjölmiðlafyrirtæki
 - Schibsted: fjölþjóðlegt fjölmiðlafyrirtæki
 - Retriever Sverige: rafræn vöktun fjölmiðla, gagnasafn og þjónusta á sviði „viðskiptagreindar“
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 324, 19. desember 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5262 – Bonnier/Schibsted/Retriever Sverige, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5310 – Jysk Stálindustrie/Volgo-Balt)**

2008/EES/75/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Jysk Stálindustrie ApS („Jysk“), sem tilheyrir hollensku samsteypunni Universal Cargo Logistics Holding BV („UCLH“), en hún lýtur yfirráðum Vladimir Lisin sem er einnig eigandi hins rússneska Novolipetsk Steel („NLMK“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í kýpverska fyrirtækinu Volgo-Balt Transport Holding Limited („Volgo-Balt“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - UCLH: hafnarþjónusta og lestunar- og losunarþjónusta í Rússlandi
 - Jysk: eignarhaldsfélag
 - NLMK: stálframleiðsla (flatvalsaðar einingar úr kolstáli og rafstál)
 - Volgo-Balt: sjóflutningar á þurrvöru milli ríkja í Evrópu og Norður-Afríku og á skipgengum vatnaleiðum í Rússlandi, flutningar á olíuvörum á skipgengum vatnaleiðum í Rússlandi, ferðaþjónusta og farþegaflutningar í Rússlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 319, 13. desember 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5310 – Jysk Stálindustrie/Volgo-Balt, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5394 – Mauser Holding International/Reyde/JV)

2008/EES/75/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Mauser Holding International GmbH, sem tilheyrir samsteypunni Mauser og lýtur yfirlaðum Dubai Holding, og spænska fyrirtækið Reyde, S.A., sem tilheyrir samsteypunni Armando Álvarez, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirlað, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu spænska Mauser Reyde Ibérica, S.L. Reyde, S.A. öðlast með eignayfirfærslu að fullu yfirlað í hinu spænsku umbúðadeild Mauser, sem framleiðir plastumbúðir aðrar en lausavörugáma, í Coursan í sunnanverðu Frakklandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mauser: framleiðsla og sala á hörðum umbúðum til iðnaðarnota
 - Reyde, S.A.: framleiðsla og sala á hörðum umbúðum til iðnaðarnota
 - Mauser Reyde Ibérica, S.L.: framleiðsla og sala á hörðum umbúðum til iðnaðarnota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 322, 17. desember 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5394 – Mauser Holding International/Reyde/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5415 – Telenet/Concentra/VAR/JV)**

2008/EES/75/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgísku fyrirtækin Telenet NV, sem lýtur yfirláðum hins bandaríska Liberty Global, Inc., Concentra Media NV („Concentra“) og Vlaamse Audiovisuele Regie NV („VAR“), sem lýtur yfirláðum hins belgíska Vlaamse Radio- en Televisieomroep („VRT“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu belgíska Pebble Media NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Telenet NV: sjónvarps-, síma- og lýðnetsþjónusta um kapalnet í 17 löndum, m.a. Belgíu og Niðurlandi; viðskiptamenn eru bæði heimili og fyrirtæki
 - Liberty Global, Inc.: sjónvarps-, síma- og lýðnetsþjónusta um kapalnet í Belgíu; viðskiptamenn eru bæði heimili og fyrirtæki
 - Concentra: dagblaða- og tímaritaútgáfa, útgáfa á lýðnetinu, opnar sjónvarps- og hljóðvarps-sendingar í Belgíu
 - VRT: opnar sjónvarps- og hljóðvarpssendingar í Belgíu
 - VAR: sala auglýsinga í sjónvarpi, útvarpi og á lýðnetinu í Belgíu
 - Sameiginlega fyrirtækið: milliganga um sölu auglýsingarýmis á lýðnetinu í Belgíu og nærliggjandi löndum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 320, 16. desember 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5415 – Telenet/Concentra/VAR/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5420 – Kyocera Mita/Triumph-Adler)

2008/EES/75/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Kyocera Mita Corporation („KMC“), sem er að fullu í eigu skráða japanska fyrirtækisins Kyocera Corporation, öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 18. nóvember 2008, að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í skráða þýska fyrirtækinu TA Triumph-Adler AG („TA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KMC: framleiðsla og dreifing á skrifstofuvélum og tilheyrandi þjónusta
 - TA: dreifing á skrifstofuvélum og tilheyrandi þjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 322, 17. desember 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5420 – Kyocera Mita/Triumph-Adler, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5435 – Nexans/SEI/Opticable)**

2008/EES/75/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Sumitomo Electric Industries Ltd („SEI“) og franska samsteypan Nexans öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu Opticable sem er nú að fullu undir yferráðum Nexans.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SEI: framleiðsla og sala á rafmagnsvír, rafleiðsluknippum og rafmagnsstrengjum, auk ljósleiðara og ljósleiðarastrengja til fjarskiptanota á jörðu niðri
 - Nexans: starfsemi á sviði strengjaframleiðslu með miklu framboði á strengjum og strengjakerfum fyrir mannvirki, iðnað, byggingar og staðarnet; selur einnig ljósleiðarastrengi
 - Opticable: framleiðsla og sala á ljósleiðarastrengjum til nota á jörðu niðri í Evrópu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 319, 13. desember 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5435 – Nexans/SEI/Opticable, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Frakkland**2008/EES/75/09****Málsnúmer C 42/08 (áður NN 30/08) – Aðstoð í þágu starfandi sjómanna****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 315, 10.12.2008](#).

Frankvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Maritime Affairs and Fisheries
Directorate F — Legal matters
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: +32 (0)22 95 19 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2008/EES/75/10
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar.

Svæðið, sem umsóknin tekur til, er í sýslunni Norður-Hollandi; nánari upplýsingar má finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 309, 4.12.2008, bls. 29).

Umsóknarfrestur rennur út 5. mars 2009.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2008/EES/75/11

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitara sem kennt er við „Est Champagne“)

Fyrirtækið Lundin International, sem hefur skráð aðsetur að Maclaunay, F-51210 Montmirail (Frakklandi), hefur með umsókn frá 13. maí 2008 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Est Champagne“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 2 698 km² og liggur í sýslunum Marne, Ardennes og Meuse.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur um París.

Hornpunktur	Breidd	Lengd
A	54,80°N	2,20°A
B	54,80°N	2,90°A
C	54,70°N	2,90°A
D	54,70°N	3,00°A
E	54,30°N	3,00°A
F	54,30°N	2,90°A
G	54,20°N	2,90°A
H	54,20°N	2,50°A
I	54,30°N	2,50°A
J	54,30°N	2,40°A
K	54,40°N	2,40°A
L	54,40°N	2,20°A

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að leggja fram samkeppnisumsókn um sérleyfið og ber að leggja slíka umsókn fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 310, 5.12.2008, bls. 21) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374, 30.12.1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 19. maí 2010.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar („décret relatif aux travaux miniers, aux travaux de stockage souterrain et à la police des mines et des stockages souterrains“) (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (direction générale de l'énergie et climat, direction de l'énergie, Sous-direction de la Sécurité d'Approvisionnement et des Nouveaux Produits Energétiques, bureau exploration production des hydrocarbures), 41, boulevard Vincent Auriol, F-75703 Paris Cedex 13 (sími (33) 153 94 14 81, bréfasími (33) 153 94 14 40).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á eftirfarandi slóð:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um fyrirspurnir og skráningu samkvæmt 2008/EES/75/12
reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (efnareglunum (REACH)) þegar um ræðir efni sem
voru á markaði löglega fyrir 1. júní 2008 en eru ekki í skráningarbið**

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglunum (REACH)) eru efni, sem falla ekki undir skilgreininguna „efni í skráningarbið“ en eru framleidd eða flutt inn í Evrópubandalagið, ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, í magni sem er eitt tonn eða meira á ári, skráð í samræmi við ákvæði 10. gr. efnareglunnanna (REACH) frá 1. júní 2008 að telja.

Skylt er að senda Efnastofnun Evrópu fyrirspurn í samræmi við ákvæði 26. gr. efnareglunnanna (REACH) áður en efni, sem eru ekki í skráningarbið, eru tekin á skrá. Rétt er að benda á að ákvæði efnareglunnanna (REACH) um fyrirspurnir af þessu tagi hafa gilt frá 1. júní 2008. Af því leiðir að ógerlegt var í reynd að skrá efni, sem var ekki í skráningarbið, fyrir 1. júní 2008. Jafnframt skal bent á að reglugerð um prófunaraðferðir sem nota ber samkvæmt efnareglunum (REACH), sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, var ekki samþykkt fyrr en 30. maí 2008.

Vera má að tiltekin efni, sem voru framleidd og/eða markaðssett löglega fyrir 1. júní 2008, fullnægi ekki skilyrðum til að teljast „efni í skráningarbið“ sem sett eru í 20. tölulið 3. gr. efnareglunnanna (REACH). Til þess að forðast truflanir á sölu og framleiðslu slíkra efna, og að því tilskildu að sýna megi fram á að efnið hafa verið löglega á markaði í Evrópubandalaginu fyrir 1. júní 2008, eru hugsanlegir skráningaraðilar minntir á þá skyldu að senda Efnastofnun Evrópu fyrirspurn. Ef fyrirspurninni fylgja ekki allar tilskildar upplýsingar ber skráningaraðila að tilgreina gildar ástæður fyrir því. Upplýsingar, sem vantar, skulu sendar án ónauðsynlegra tafa.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem hefur að geyma leiðsögn um ríkisaðstoð 2008/EES/75/13
umfram styrki Evrópubandalagsins vegna hinna nýju hraðbrauta á sjó**

Í hvítbókinni „Flutningastefna fyrir Evrópuríki til ársins 2010: tímabærar ákvarðanir“, sem gefin var út árið 2001, var tekið upp heitið „hraðbrautir á sjó“ yfir gæðaþjónustu á sviði flutninga á stuttum sjóleiðum. Með hraðbrautum á sjó er átt við mannvirki, aðstöðu og búnað og þjónustu sem taka til tveggja aðildarríkja hið minnsta. Ætlunin er að nota hraðbrautir á sjó til að færa verulegan hluta fraktflutninga af vegum yfir á sjó. Ef vel tekst til að koma þeim í notkun stuðlar það að tveimur helstu markmiðum flutningastefnu Evrópusambandsins, þ.e. að draga úr umferðarpunga á vegum og minnka umhverfisálag af fraktflutningum. Í áfangaskýrslu um framkvæmd markmiðanna, sem sett voru í hvítbókinni, kemur fram að vandi vegna umferðarpunga á vegum fari vaxandi og kostnaður af þeim sökum nemi um 1 % af vergri landsframleiðslu og að aukin hætta stafi af losun gróðurhúsagasa í tengslum við flutninga með tilliti til markmiða Kýmótóbókunarinnar, og er þar ítrekað mikilvægi þess að byggja upp hraðbrautir á sjó.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar birtist í heild í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 317, 12.12.2008, bls. 10).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk,
ígræðanleg lækningatæki**

2008/EES/75/14

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CENELEC	EN 45502-1:1997 Virk ígræði – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi, merkingar og upplýsingar sem framleiðandi veitir	Ekkert	–
CENELEC	EN 45502-2-1:2003 Virk, ígræðanleg lækningatæki – 2-1. hluti: Sérstakar kröfur varðandi virk, ígræðanleg lækningatæki sem ætlað er að meðhöndla hæglátt [<i>bradyarrhythmia</i>] (hjartagangráðar)	Ekkert	–
CENELEC	EN 45502-2-2:2008 Virk ígræði – Hluti 2-2: Sérstakar kröfur varðandi virk, ígræðanleg lækningatæki sem ætlað er að meðhöndla hraðslátt [<i>tachyarrhythmia</i>] (þ.m.t. ígræðanleg hjartastuðtæki)	Ekkert	–
CENELEC	EN 60601-1:1990 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi (IEC 60601-1:1988) Breyting A1:1993 á EN 60601-1:1990 (IEC 60601-1:1988/A1:1991) Breyting A2:1995 á EN 60601-1:1990 (IEC 60601-1:1988/A2:1995)	Ekkert Athugasemd 3 Athugasemd 3	– – –
CENELEC	EN 60601-1:2006 Rafmagnslækningatæki – Hluti 1: Almennar kröfur um öryggi og áskilið nothæfi (IEC 60601-1:2005)	EN 60601-1:1990 ásamt breytingum Athugasemd 2.1	–
CENELEC	EN 62304:2006 Hugbúnaður í lækningatæki – Líftímaferlar hugbúnaðar (IEC 62304:2006)	Ekkert	–

⁽¹⁾ CEN: rue de Stassart/De Stassartstraat 36, B-1050 Bruxelles/Brussel, sími +32 (0)25 50 08 11, bréfasími +32 (0)25 50 08 19 (www.cenorm.be)

CENELEC: rue de Stassart/De Stassartstraat 35, B-1050 Bruxelles/Brussel, sími +32 (0)25 19 68 71, bréfasími +32 (0)25 19 69 19 (www.cenelec.eu)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, sími +33 492 94 42 12, bréfasími +33 493 65 47 16 (www.etsi.org)

- Athugasemd 1 Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1 Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.
- Athugasemd 3 Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dalkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til
sjúkdómsgreiningar í glasi**

2008/EES/75/15

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CENELEC	EN 61010-2-101:2002 Öryggiskröfur um rafmagnsbúnað til mælinga, eftirlits og notkunar á rannsóknarstofu – Hluti 2-101: Sérstakar kröfur varðandi lækningatæki til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi (IVD) (IEC 61010-2-101:2002 (Breytt))	Ekkert	–
CENELEC	EN 61326-2-6:2006 Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-6: Sérstakar kröfur – Lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (IEC 61326-2-6:2005)	Ekkert	–
CENELEC	EN 62304:2006 Hugbúnaður í lækningatæki – Líftímaferlar hugbúnaðar (IEC 62304:2006)	Ekkert	–
CENELEC	EN 62366:2008 Lækningatæki – Notkun nytsemisverkfræði í tengslum við lækningatæki (IEC 62366:2007)	Ekkert	–

⁽¹⁾ CEN: rue de Stassart 36/De Stassartstraat, B-1050 Bruxelles/Brussel, sími +32 (0)25 50 08 11, bréfasími +32 (0)25 50 08 19 (www.cenorm.be)
CENELEC: rue de Stassart/De Stassartstraat 35, B-1050 Bruxelles/Brussel, sími +32 (0)25 19 68 71, bréfasími +32 (0)25 19 69 19 (www.cenelec.org)
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, sími +33 492 94 42 12, bréfasími +33 493 65 47 16 (www.etsi.org)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.